

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Borgarbyggðar.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

- a) Af öllum nýbyggingum í Borgarbyggð skal greiða byggingarleyfisgjald kr. 187.400 og að auki skal greiða kr. 188 fyrir hvern fermetra byggingarinnar.  
Af öllum meiriháttar breytingum á innra skipulagi bygginga sem krefjast úttekta/aðkomu byggingarfulltrúa skal greiða fast byggingarleyfisgjald kr. 93.700. Gjald innifelur allar úttektir, vottorð og eina mælingu á útsetningu húss ef við á.  
Haugkjallarar eru ekki reiknaðir með í fermetrastærð.  
Þetta á ekki við um byggingar skv. e-lið.  
Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnaði skal greiða sveitarsjóði fast gjald í samræmi við stækkun.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 10-25 m<sup>2</sup> kr. 29.290.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 26-60 m<sup>2</sup> kr. 46.880.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús stærri en 60 m<sup>2</sup> sama leyfisgjald og fyrir nýbyggingar og skal að auki greiða 188 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- b) Fyrir minniháttar breytingar á innra skipulagi húsnaðis og/eða notkun þess (tilkynningaskyldar framkvæmdir) sem felur í sér breytta skráningu, skal greiða sveitarsjóði kr. 25.780.
- c) Fyrir aðrar minniháttar tilkynningaskyldar framkvæmdir skal greiða sveitarsjóði kr. 12.890.
- d) Fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki eða fyrir útgáfu flutningsheimildar vegna flutnings á húsi innan héraðs eða úr héraði, skal greiða fast gjald, kr. 25.780.
- e) Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal auk fastagjaldsins sem er kr. 12.890 greiða kr. 910 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, hótél/gistiheimili, orlofsíbúðir, veiðihús, fjalla-skálar, skíðaskálar o.fl.
- f) Af öllum umsóknum sem berast byggingarfulltrúa skal greiða fast afgreiðslugjald, kr. 12.890.
- g) Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 12.890 í sveitarsjóð. Ennfremur skal greiða kr. 64.440 fyrir hverja aukamælingu í útsetningu húss.
- h) Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 12.890.
- i) Fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa vegna löggildingar iðnmeistara skal greiða kr. 12.890.
- j) Vinna byggingarfulltrúa (t.d ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi) kr. 12.290 á klst.
- k) Yfirferð teikninga (undanþegin eru önnur gjöld í lið 6.1) kr. 12.290 á klst.
- l) Gjöld vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttá, gjald skv. reikningi.

#### 2. gr.

##### *Gjöld vegna stöðuleyfis og skilta.*

- a) Tímabundin stöðuleyfi 20 feta gáma kr. 41.000.  
Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.
- b) Tímabundin stöðuleyfi 40 feta gáma kr. 70.300.  
Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.
- c) Árlegt eftirlitsgjald vegna stöðuleyfa á skipulögðum gámasvæðum innan lóða kr. 23.820.
- d) Tímabundin stöðuleyfi vegna hjólhýsa, báta o.fl. kr. 29.260.  
Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.
- e) Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti kr. 59.820 á ári.
- f) Leyfisgjald fyrir auglýsingaskilti á skiltastöð kr. 30.450 á ári.

3. gr.

*Leyfisveitingar og úttektir.*

- a) Aðrar úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, leiguhúsnæði, rekstrarleyfi o.fl.) kr. 23.440.
- b) Yfirferð og umfjöllun eignaskiptayfirlýsingar kr. 28.100 fyrir 2-4 eignir
- c) Breyting á lóðarleigusamningi kr. 25.780.
- d) Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs kr. 17.580.
- e) Úttektir vegna byggingarstjóranskrá kr. 11.710.
- f) Úttektir vegna meistaraskrá kr. 9.380.
- g) Stöðuúttektir, undanþegnar úttektir í lið 6.1 kr. 11.710.

4. gr.

*Þjónustugjöld.*

- a) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A3 eða minna kr. 353.
- b) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A2 eða stærra kr. 815 pr. stk.

5. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Einingarverð gjaldtöku skv. þessari gjaldskrá breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2018 sem er 141,6 stig.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 13. desember 2018 og sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og eru gjöld innheimt við útgáfu byggingarleyfis, sbr. 53. gr. í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1286/2016.

*Borgarnesi, 27. desember 2018.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.